

# REGLUR

## um vinnuöryggi á fiskiskipum 15 metrar og lengri.

### 1. Öryggi á opnu þilfari.

- 1.1. Gangar utan vistarvera skulu vera hæfilega breiðir fyrir þá notkun, sem þeim er ætluð. Þeir skulu búnir handriðum, þar sem þess er talin þörf. Gólf í göngum skulu vera þannig, að hreingerning þeirra sé auðveld og að ekki gæti hálfu í bleytu.
- 1.2. Stigar og stigaprep skulu gerð úr óbrennanlegu efni, og þrepin vera þannig, að þau verði ekki hál í bleytu t.d. úr upplýftu stáli eða áli.
- 1.3. Tvíþilja fiskiskip skulu hafa uppi þegar þau eru í höfn landgang eða annan viðurkenndan búnað, sem auðveldar mönnum að komast slysalaust að og frá borði. Öryggisnet skal setja undir landgang við erfiðar aðstæður. Bjarghring með líflínu skal staðsetja við landgang.
- 1.4. Stigar og landgangar skulu hafa örugga festingu, svo umferð sé örugg.
- 1.5. Þar sem efri endi landgangs eða stiga endar við borðstokk verður að hafa tröppur með handriði frá borðstokk að þilfari.
- 1.6. Gangar, stigar og landgangar skulu vera hreinir og í góðu ásigkomulagi, svo að öll notkun sé örugg.
- 1.7. Gera skal ráðstafanir til þess að draga úr hálfu á þilfari t.d. með stállistum eða á annan viðurkenndan hátt að mati Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 1.8. Allar vindur skal vera hægt að stöðva úr brú með einu handtaki (neyðarstöðvun). Hjálparvindur á þilfari skal einnig vera hægt að stöðva beggja megin á afturþilfari.
- 1.9. Kallkerfi úr brú skal vera það sterkt að fyrirskipanir heyrast örugglega á vinnustöðum, hvort sem er á opnu þilfari eða millipilfari og vera þannig að hægt sé að svara frá þeim stað sem kallað er á.

### 2. Skuttogarar.

- 2.1. Á skuttogurum skal vera eftirgreindur búnaður og skal hann notaður undir yfirumsjón skipstjórnarmanna.
- 2.2. Skuttogarar skulu búnir grandaravindum eða öðrum búnaði jafngildum.
- 2.3. Í seilingarhæð beggja vegna skutrennu skal strekktur vír, sem líflína öryggisbelta leikur auðveldlega á.
- 2.4. Að minnsta kosti 5 öryggisbelti ásamt líflínunum af viðurkenndri gerð skulu vera um borð í skuttogurum til notkunar við vinnu á opnu þilfari. Líflínur séu hæfilega langar, þannig að þær torveldi ekki vinnu við og í skutrennu.
- 2.5. Líflínur skulu þannig gerðar, að slaki dragist sjálfkrafa af þeim og þær séu búnar öryggiskrökum í báða enda, sem auðvelt er að krækja í festingar, svo sem í öryggisvír og öryggisbelti.
- 2.6. Öryggishjálmar af viðurkenndri gerð með áföstum kraga. Hver maður, sem vinnur á opnu þilfari, skal hafa sinn hjálm.
- 2.7. Tveir bjarghringir, vel aðgengilegir og búnir ljósi, skulu staðsettir sitt hvoru megin við skutrennu.

- 2.8. Skuttogarar skulu búnir vökva eða rafknúnum skutrennuloða. Hann skal vera stálþil, sem fellur í stökk neðan þilfars, eða annar búnaður jafngildur að mati Siglingamálastofnunar, enda skal fyrirkomulag vera háð samþykki hennar hverju sinni.
- 2.9. Eigi má sami maður stjórna skipi og þilfarsvindum samtímis.

### 3. Skip er stunda hringnótaveiðar.

- 3.1. Þeir sem vinna á þilfari, þegar nótin er dregin, skulu hafa hlífðarhjálms á höfði.
- 3.2. Vörn skal vera til að hindra að menn geti runnið fyrir borð úr nótakassa eða gryfju.
- 3.3. Tryggja skal eftir því sem mögulegt er, að nótin geti runnið eðlilega út, þegar henni er kastað.
- 3.4. Þegar poki nótarinnar með afla í er bundinn upp, þarf frágangur að vera þannig að sleppa megi öllu lausu, ef nauðsyn krefur.
- 3.5. Æskilegt er að góður og beittur hnífur sé hafður til taks á nótapalli.

### 4. Skip er stunda línu- og netaveiðar.

- 4.1. Á fiskiskipum sem búnir eru línuvindu til netaveiða, skal vera sérstakur öryggisbúnaður, þannig gerður, að vinda stöðvist samstundis, ef maður dregst inn að vindunni með veiðarfærunum.
- 4.2. Skipstjórum þessara skipa ber skylda til að sjá um, að þessi búnaður sé ávallt um borð og virkur, þegar skipin eru á netaveiðum.
- 4.3. Búnaður þessi skal háður viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins á hverju einstöku skipi.

### 5. Öryggi á millipilfari og í lestum.

- 5.1. Allar styttur skulu traustar og tryggilega festar. Einnig skulu öll lestarborð vera í góðu lagi og þola það álag, sem þeim er ætlað.
- 5.2. Göngum, stigum og handriðum skal haldið eins öruggum til umferðar eins og framast er unnt. Stigar og handrið skulu traust og tryggilega fest og vel við haldið.
- 5.3. Hafa skal hlífur við eða á vélum og færriböndum, til þess að tryggja öryggi við vinnu.
- 5.4. Ekki má nota vélar né færribönd, ef hlíf er fjarlægð vegna viðgerðar á vél.
- 5.5. Koma skal fyrir öryggisbúnaði við vélar og færribönd, sem tryggi, að þessi tæki verði ekki ræst af vangá.
- 5.6. Við færribönd skal vera hæfilegur fjöldi neyðarrofa, svo stöðva megi þau með skjótum hætti.

### 6. Leiðbeiningar.

- 6.1. Leiðbeiningar verði á íslensku um notkun á vélum og tækjum, stjórnun, neyðarstöðvun og annað það sem varast ber (t.d. hausskurðarvélar, flökunarvélar, flatningsvélar, roðflettivélar, marningarvélar o.s.frv.).

### 7. Öryggi í vélarrúmi.

- 7.1. Gólf í vélarrúmi skal gert úr traustu óbrennanlegu efni og þannig, að það sé ekki hált.
- 7.2. Varnarhlífur, á eða við vélbúnað, má ekki fjarlægja meðan vélin er í notkun. Sé hlíf fjarlægð, má ekki gangsetja án þess að koma hlífinni á sinn stað.
- 7.3. Þegar vél er í viðgerð, skal þess gætt, að ekki sé unnt að ræsa hana óvart eða hreyfa af vangá. Gera skal ræsibúnað óvirkan, þegar ástæða er til.

- 7.4. Þegar unnið er við lok eða loka, sem er undir þrýstingi, skal þess gætt að þrýstingur sé tekinn af áður en verk er hafið.
- 7.5. Gæta skal þess, að allir þungir vélarhlutir séu vel festir og lausir hlutir geti ekki skaðað menn við vinnu í vélarrúmi.
- 7.6. Vélargólfi, stigaprepum og handriðum í vélarrúmi skal haldið vel hreinum.

## **8. Þilfarsvindur, lyfti- og losunarbúnaður.**

- 8.1. Allar vindur skulu þannig útbúnar að hlaupari sé fastur á tromlu. Skal við meðhöndlun veiðarfæra ekki dregið að með öðrum hætti.
- 8.2. Allur vindu-, lyfti- og losunarbúnaður skal búinn hemli sem stöðvar samstundis við aflrof, það er við straumrof eða ef vökvaprýstingur fellur. Á sama hátt skal búnaður bómu og gálga þannig gerður að þau falli ekki niður við aflrof.
- 8.3. Búnaður við lúgur, þ.e. fiski- og veiðafæralúgur, skal þannig gerður, að lúgan falli ekki við aflrof.
- 8.4. Verja skal með hlíf, eins og við verður komið, alla hreyfanlega hluti vindu. Sama skal gilda um allar rúllur.
- 8.5. Skrá skal greinilega og varanlega leyfilegan hámarksþunga á bómur og krana.
- 8.6. Stjórnlokar skulu þannig gerðir að stjórnarmur falli í miðstöðu og vinda eða lyfti- og losunarbúnaður stöðvist samstundis sé stjórnarmi sleppt. Þó er heimilt, þegar um er að ræða vindur sem að jafnaði eru í notkun í lengri tíma í einu, t.d. línu- og netaspil, að nota stjórnventla sem unnt er að festa í ákveðinni stöðu, að því tilskildu að við búnaðinn sé viðurkenndur búnaður til neyðarstöðvunar, sbr. gr. 4.1.

## **9. Kælivélar.**

- 9.1. Ekki má hafa opinn eld eða heita hluti í klefum, þar sem kælivélakerfið er. Gæta skal fyllstu varúðar með allan kælimiðil.

## **10. Hylki fyrir þjappaðar lofttegundir.**

- 10.1. Hylki, er geyma þjappaðar lofttegundir svo og geymslustaðir þeirra, skulu uppfylla viðurkennd öryggisákvæði.
- 10.2. Þrýstijafnarar, lagnir og ventlar skulu vel varðir.
- 10.3. Þegar hylkin eru ekki í notkun, skal þess gætt, að þau séu örugglega lokuð.
- 10.4. Við leit að leka á hættulegum lofttegundum, skal ætíð nota viðeigandi tæki.

## **11. Gildistaka.**

- 11.1. Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 12. júní 1995.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*